

AUGLÝSING

um útgáfu Skoðunarhandbókar.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998, hefur ráðuneytið gefið út Skoðunarhandbók er greinir nánar frá hver skuli vera framkvæmd skoðunar skoðunarskyldra ökutækja.

Ráðuneytið hefur falið Skráningarstofunni hf. fjölritun bókarinnar og dreifingu til fag-giltra skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða.

Þetta tilkynnist hér með.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h.r.

Þorsteinn Geirsson.

Guðni Karlsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að stöðvunarskylda verði á Aflavegi gagnvart umferð um Grandaveg. Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. júlí 1998.

Georg Kr. Lárusson.